

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu

Garðabær, 24. júní 2025
202506-0055/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing - Aðalskipulag - Galtalækjarnáma - Merkurnáma E57 Rangárþing ytra.

Vísað er í erindi skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra sem barst 12. júní sl. vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 og nýtt deiliskipulag fyrir stækkun Merkurnámu (E57).

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða stækkun efnistökusvæðis úr 2 ha í allt að 15 ha og aukningu á heildarefnismagni í allt að 450.000 m³. Náman er staðsett í Merkurhrauni á jörðinni Galtalæk 2, í ofanverðri Landsveit.

Samantekt með áhersluatriðum

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar:

- Gerð skal grein fyrir valkostum við efnistöku í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. 14. gr. laga nr. 111/2021.
- Nauðsynlegt er að leggja mat á sjónræn áhrif og ásýnd svæðisins, einkum vegna staðsetningar í opnu landi og nálægðar við hálendismörk.
- Þar sem um er að ræða hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, þarf að fara fram kortlagning og mat á verndargildi þess.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að náman sé lítt sýnileg frá þjóðvegi, en þó áberandi úr lofti. Þar sem svæðið er ofan hraunbrúnar og innan óbyggðs svæðis samkvæmt skilgreiningu aðalskipulags, er brýnt að meta sjónræn áhrif og áhrif á ásýnd og heildaryfirbragð landslags.

Auk þess vill stofnunin benda á leiðbeiningar sem birtar eru á upplýsingavefnum namur.is, þar sem sett eru fram viðmið um val á efnistökusvæðum með hliðsjón af ásýnd, verndargildi og sjálfbærni. Þar kemur fram að forðast skuli rask á ósnortnum eða ásýndarlega viðkvæmum svæðum og leita þess í stað eftir þegar röskuðum svæðum eða svæðum með lágt verndargildi. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að samkvæmt 69. gr.

náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal við hönnun og staðsetningu framkvæmda á borð við námur tryggja að mannvirki og rask falli sem best að svipmóti lands.

Einnig þarf að uppfæra því töflu 2. hvað ofangreint varðar.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hraun og aðrar jarðminjar sem talin eru upp í ákvæðinu njóta sérstakrar verndar.

Af þeirri ástæðu telur Náttúruverndarstofnun nauðsynlegt að fram fari kortlagning og skráning á hrauninu innan skipulagssvæðisins áður en frekari ákvarðanir eru teknar um skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi. Kortlagningin skal fela í sér mat á sérkennum og varðveisluverði jarðminjanna og hvort stækkun námusvæðisins feli í sér óásættanlegt rask á vernduðu hrauni.

Samkvæmt 61. gr. ber leyfisveitanda að rökstyðja sérstaklega ef hann heimilar framkvæmd sem raskar jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar og fer í bága við umsagnir umsagnaraðila. Í slíkum rökstuðningi er eðlilegt að gera grein fyrir öðrum valkostum sem skoðaðir hafa verið og ástæður fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu, mótvægisáðgerðum o.s.frv. sbr. Athugasemdir við frumvarpið sem varð að náttúruverndarlögum. Þá er heimilt að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun. Afrit af leyfi skal einnig sent Náttúruverndarstofnun.

Einnig þarf að uppfæra því töflu 2. hvað ofangreint varðar.

Valkostir

Í greinargerð kemur fram að stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verði borin saman við nýtt skipulagsákvæði. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að skoðaðir verði fleiri valkostir sem taka tillit til náttúruverndar. Það nægir ekki að vísa eingöngu til efnisskorts sem rök fyrir stækkun námu; greina þarf hvort unnt sé að nýta aðrar námur, eða hvort unnt sé að skipuleggja efnistöku þannig að rask verði sem minnst, sbr. 14. gr. laga nr. 111/2021 og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um valkosti og umhverfismat áætlana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur